

17. mars 2023

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025.

Myndstef fagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025 og að þar sé sérstök áhersla lögð á STEAM greinar.

Myndstef tekur sérstaklega undir markmið 2.4 um að aukin nýting hugverkaréttinda ýti undir nýsköpun, og að áhersla verði lögð á aukna hagnýtingu réttindakerfa fyrir vernd hugverkaréttinda á sviði sjálfbærs þekkingariðnaðar, með sérstakri áherslu á fjölgun einkaleyfisumsókna tengdum rannsóknum og nýsköpun í atvinnulífinu.

Myndstef minnir þó á að höfundaréttur telst einnig til hugverkaréttinda, en þau réttindi eru óskráð, en engu að síður jafn mikilvæg og skráð réttindi á borð við einkaleyfi, vörumerki eða hönnun. Það að höfundaréttur sé óskráður þýðir að hvorki þarf að sækja um hann né skrá og gildir hann því óháð slíkri skráningu. Myndstef telur mikilvægt að fræðsla um höfundarétt sé efld á öllum skólastigum, og telur að það ýti jafnframt undir styrk skapandi greina, en verk sem njóta höfundaréttar eru af ýmsum toga, hvort sem um er að ræða listaverk, bókmenntir, tónverk eða tölvuforrit.

Þá fagnar Myndstef aðgerð 1.1. um að sókn í STEAM greinum sé forsenda meiri nýsköpunar og öflugri alþjóðageira. Líkt og fram kemur í greinargerð með tillögnum er það öllum til hagsbóta að kennsluaðferðir ýti undir skapandi hugsun. Myndstef fagnar sérstaklega áherslu á eflingu starfsemi Listaháskóla Íslands og tekur undir að skapandi greinar séu ein af grunnstoðum atvinnulífs og nýsköpunar.

Í tillögu til þingsályktunar um nýja myndlistarstefnu sem nú er til meðferðar á Alþingi er að finna áherslur um að íslensk myndlist verði sýnileg og vaxandi atvinnugrein, íslensk myndlist skipi alþjóðlegan sess, sem og áherslur og markmið um aukna fræðslu í skapandi hugsun og aukna fræðslu um höfundarétt.

Myndstef telur að þessar stefnur styðji báðar við framangreind markmið en að það væri til hagsbóta að samþætta þessar áætlanir að því er varðar menntun á sviði skapandi greina og skörun þeirra við raungreinar.

Tekur Myndstef því sérstaklega undir áherslur undir aðgerð 1.1:

„Áhersla verði lögð á þverfræðilega kennslu raungreina með aðferðum lista, með gagnrýnni hugsun og sköpun til að efla nýsköpun og auka lífsgæði. Forsenda vaxtar í atvinnugreinum sem byggja ekki á hefðbundnum auðlindum eru breyttar áherslur í menntakerfinu sem miða að því að búa íslenskt samfélag undir aukna tæknivæðingu, fjölga fólki með tækni- og raungreinamenntun og auka samkeppnishæfni með því að hlúa að skapandi hugsun, þekkingu og vísindum.“

Það er mat Myndstefs að skapandi hugsun sé ein helstu verðmæti þjóðar og því mikilvægt að hlúa vel að hinum skapandi greinum og styðja við þverfaglegt samstarf. Telur Myndstef að tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi sé vel til þess fallin að styðja við framþróun á þessum sviðum.

F.h. Myndstefs,

Vera Sveinbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri Myndstefs

